

Reykjavík, 18. nóvember 2011.

Efni: Frumvarp til laga um fjársýsluskatt (193.mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér upptöku sérstaks fjársýsluskatts á fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóði og váttryggingastarfsemi.

Allt frá hrúni hefur verið mikil umræða um afdrif og aðgerðir vegna fjármálakerfisins. Eðlilega hefur komið fram mikil gagnrýni í þessari umræðu, enda þáttur fjármálakerfisins stór í því hrúni sem skók heiminn undir lok árs 2008. Eitt af því sem hefur komið fram er hvernig draga megi úr áhættusækni innan fjármálakerfisins og hvernig koma megi því við að fjármálageirinn taki þátt í mæta þeim kostnaði sem velt hafði verið yfir á samfélagið. Ofangreint frumvarp er liður í þessari vinnu, auka skattlagningu á atvinnugreinum sem að margra mati hefur borið minni skattbyrði en aðrar og tryggja þátttöku hennar í kostnaði við enduruppbyggingu. Þess verður þó að gæta að slík þátttaka sé í eðlilegu samhengi við skattlagningu almennt og að ekki sé gengið of langt með skattbyrði fram úr hófi.

Ofangreind frumvarp mælir fyrir um nýjan skatt sem ætlað er að leggja á heildarlaunagreiðslur í starfsemi fjármálafyrirtækja, lífeyrissjóða og í váttryggingastarfsemi. Um er að ræða 10,5% skatt sem leggst á sama skattstofn og tryggingargjald hjá fyrirtækjum í fyrrgreindri starfsemi. Hugmyndin hér að baki er m.a. að jafna út skattlagningu mismunandi atvinnugreina og skattleggja með þessum hætti tiltekna starfsemi sem ekki ber virðisaukaskatt.

Skattlagning fjármálageirans er í samræmi við þær umræður og tilmæli sem hafa komið fram á vettvangi bæði Evrópusambandsins og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins. Þær tillögur um skattlagningu sem þar hafa komið fram eru aðallega af þrennum toga; veltuskattur á fjármálaþjónustu, skattur á laun og hagnað og skattur á einhvern mælikvarða úr efnahag fjármálafyrirtækja. Hér á landi hefur þegar verið tekinn upp sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, [lög nr. 155/2010](#), sem er skattur á innlán, þ.e. heildarskuldir fjármálafyrirtækja. Sá skattur sem hér er mælt fyrir um er því viðbót við fyrri skattlagningu og í raun verið að fara tvær af þeim leiðum sem lagðar hafa verið til, þ.e. bæði skattlagning á laun og skattlagning á mælikvarða úr efnahag.

Aukin skattlagning á fjármálakerfið

Þetta er til viðbótar þeim sérstaka skatti sem lögleiddur var á fjármálafyrirtæki árið 2010. Samhliða þeirri breytingu sem ofangreint frumvarp leggur til er lögð til hækkun á sérstökum skatti á fjármálafyrirtæki í [frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum](#) vegna vaxtaniðurgreiðslna, 195. mál. Eðlilegra væri að aðeins væri um aðra útfærslu á skatti á fjármálafyrirtæki væri að ræða, í samræmi við tillögur AGS, en ekki að tvöfalt kerfi eins og hér er lagt til. Því ljóst að skattlagning á fjármálafyrirtæki hefur og mun aukast verulega með þessum breytingum. En líkt og taflan hér fyrir neðan sýnir þá hafa álögur á fjármálakerfið vaxið gífurlega undanfarið, gæta verður þess að ekki fari fram úr hófi þannig neikvæðar afleiðingar skyggi á tekjur ríkissjóðs. Hætta er á að þá muni auknum álögum verða mætt með enn meiri niðurskurði, fækkun starfsmanna og hækkun kostnaðar til viðskiptavina, bæði vexti og þjónustugjöld.

- Kostnaður við Umboðsmann skuldara 0,9 m.a. kr.
- Kostnaður við Fjármálaeftirlit 2,0 m.a. kr.

- Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki 1,0 m.a. kr.
- Sérstakur skattur vegna vaxtaniðurgreiðslna 2,1 m.a. kr.
- Iðgjald í Tryggingarsjóð innstæðu eigenda 4,0 m.a. kr.
- Tryggingagjald 4,0 m.a. kr.
- Fjársýsluskattur 4,5 m.a. kr.

Fyrirmyndir fjársýsluskatts

Í greinargerð með ofangreindu frumvarpinu kemur fram að skatturinn er lagður á að danskri fyrirmynd. Bæði gjaldstofn og skattprósenta er að danskri fyrirmynd, þess ber þó að geta að í Danmörku er ekki lagt á tryggingargjald með sami hætti og hér. Í Danmörku var gerð breyting á launatengdum gjöldum með upptöku þessa skatts sem kom í veg fyrir of skattlagningu á einum stofni. Hér á landi er því um að ræða mun meiri skattbyrði á sama gjaldstofni en í Danmörku, er því ekki um samanburðarhæfa stöðu að ræða. Varhugavert er því að byggja upp þennan skattstofn af danskri fyrirmynd ef í raun aðrir grunnþættir eru ekki sambærilegir, líkt og önnur skattlagning á sama stofn. Eðlilegra væri að bíða eftir alþjóðlegri fyrirmynd en ekki ganga á undan með skattlagningu sem er fram úr hófi og reynist svo ekki í samræmi við aðgerðir annarra þjóða.

Neikvæð áhrif

Gagnrýna verður einnig þann stutta fyrirvara sem gefin er í frumvarpinu fram að gildistöku. Gert er ráð fyrir að skatturinn leggjist á strax janúar 2012, þetta er afskaplega skammur tími og óraunhæft að gera ráð fyrir að allir tilheyrandi aðilar verði undir hann búnir í tíma. Nauðsynlegt er að gefa bæði viðkomandi fyrirtækjum og skattyfirvöldum nægan aðlögunartíma til að forðast vandamál og óvönduð vinnubrögð, en eins og fram kemur í umsögn ríkisskattstjóra um málið þá er of stuttur tími gefinn til að innleiða nýjan skatt.

Taka verður undir þær athugasemdir er koma fram í umsögn ríkisskattstjóra vegna kostnaðarumsagnar fjárlagaskrifstofu. Séu þær ekki í samræmi við áætlanir ríkisskattstjóra eru þær villandi og er nauðsynlegt að þær verði leiðréttar í samræmi enda gefa þær ranga mynd af mögulegum kostnaði og fyrirhöfn.

Mikilvægt er að horfa á þau neikvæðu áhrif sem skattlagningin mun hafa á innlend fyrirtæki. Hún mun hafa neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu fjármálafyrirtækja og m.a. torvelða sölu þeirra. Einnig veldur skatturinn fælandi áhrifum í mannráðningum innan þeirra fyrirtækja sem hann nær til, enda verulegur kostnaðarauki fólgin í hverjum starfsmanni með innleiðingu hans. Skatturinn mun aukinheldur leggjast hlutfallslega þyngra á smærri fyrirtæki, draga úr fjölda eftirlitskyldra fjármálafyrirtækja, hvetja til starfsmannahalds í öðru formi en fastráðningu launafólks og hækka endanlegan vaxtakostnað viðskiptavina fjármálastofnana, sem er afleiðing sem leggja verður mikla áherslu á, þetta mun skila sér áfram til viðskiptavina í aukinn kostnað. Aukning í vöxtum og þjónustugjöldum til viðskiptavina.

Viðskiptaráð leggur til að ofangreint frumvarp nái ekki fram að ganga eða verði í það minnsta endurskoðað í samræmi við þau sjónarmið sem koma hér fram og í samræmi við aðra skattlagningu.

Virðingarfyllt,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands